

# Samskipti og ráðgjöf

## E-704-SARA



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Kennari:** Linda Bára Lýðsdóttir.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði verður farið yfir þætti og ferli félagslegra samskipti og kennsl borin á þær hindranir sem geta staðið í vegi fyrir áhrifaríkum samskiptum. Kenndir verða grunnþættir og ferli samtalsmeðferðar og nemendum veitt tækifæri til verða sér út um færni í að beita þeim, þ.m.t. virka hlustun, að veita athygli, áhrifaríka notkun spurninga, umhugsun og samkennd. Ásamt því verður nemendum leiðbeint í að beita siðferðilegum sjónarmiðum í meðferðarsambandi þannig að þeir geti þróað með sér samkennd og skilning sem byggist á hluttekningu, aukið færni í notkun viðeigandi grunnþátta samtalsmeðferðar, veitt meðferðarsambandinu eftirtekt og metið og íhugað með gagnrýnum hætti eigin frammistöðu í samtalinu. Form námskeið verður þannig að í upphaf kennslustundar verður stutt þekkingarpróf á námsefni. Að því loknu verður fyrirlestur um þá grunnþætti samtalsmeðferðar sem nemandi á að auka færni sín í. Að lokum eru nemendur látnir vinna í fjöggra manna hópum þar sem þeir taka þátt í hlutverkjaleikjum þar sem grunnþættir vera æfðir og endurgjöf veitt. Allir hlutverkaleikir verða teknir upp á myndband sem hver og einn þarf síðan að skoða og meta eigin frammistöðu. Nemendur þurfa að halda dagbók á meðan á námskeiðinu stendur þar sem þeir skrá niður mat á eigin frammistöðu, þá endurgjöf sem þeir fá frá samnemendum og framgang. Þeir skila að lokum dagbókinni inn til kennara ásamt tveimur sýnishornum á myndbandsupptöku.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- Sýnt fram á þekkingu á lykilferlum félagslegra samskipta og samtalsmeðferðar.
- Sýnt fram á almenna grunnfærni sem meðferðaraðili í samtalsmeðferðum.
- Sýnt fram á gagnrýna sjálfskoðun í skriflegum kynningum á eigin reynslu sem meðferðaraðili í hlutverkaleikjum og sýnt fram á að geta tekið við endurgjöf frá samnemendum og kennara á ábyrgan hátt.

**Námsmat:** Námsmat felur í sér stutt þekkingarpróf, virka þátttöku í hlutverkjaleikjum, sjálfvalin sýnishorn af myndbandsupptökum, skriflegar greiningar á eigin frammistöðu og frammistaða á verklegu próf í lok annar.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 3